

BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR

PERSÓNUVERNDARARSTEFNA
BIRTA LÍFEYRISSJÓÐUR
FEBRÚAR 2026

Persónuverndarstefna Birtu lífeyrissjóðs

Reykjavík, 26. febrúar 2026

Persónuverndarstefna þessi byggir á evrópskri persónuverndarlöggjöf (GDPR) sem tekin var upp í íslenskan rétt með lögum frá Alþingi, nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem tóku gildi 15. júlí 2018. Stefna þessi er gefin út af Birtu lífeyrissjóði, leysir af hólmi eldri persónuverndarstefnu, og gildir frá 26. febrúar 2026 og þar til ný stefna tekur gildi.

Birta lífeyrissjóður kappkostar að tryggja öryggi persónuupplýsinga sem sjóðurinn vinnur með á hverjum tíma og gætir að því að unnið sé með persónuupplýsingar í samræmi við gildandi lög og reglur. Markmið Birtu er að geyma ekki meiri upplýsingar og ekki yfir lengri tíma en nauðsynlegt er til að ná því lögmæta markmiði sem að er stefnt. Við vinnslu og varðveislu persónuupplýsinga er sérstaklega horft til aðgangsstýringa og fyllsta trúnaðar gætt við meðhöndlun þeirra. Þess má geta að starfsmenn Birtu eru bundnir þagnarskyldu skv. lögum um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls og helst þagnarskyldan þótt látið sé af starfi.

Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling („skráðan einstakling“). Einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, s.s. með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, netauðkenni, staðsetningargögn, o.s.frv.

Hvernig persónuupplýsingar vinnur Birta með?

Iðgjöld og lífeyrir:

Hlutverk lífeyrissjóða er að tryggja sjóðfélögum ellilífeyrir til æviloka og tryggja fjölskyldur þeirra fyrir tekjumissi vegna orkutaps og andláts. Til að tryggja réttindi sjóðfélaga höfum við á grundvelli laga um lífeyrissjóði nr. 129/1997 heimild til að vinna með persónugreinanlegar upplýsingar (iðgjaldaupplýsingar) í því skyni að halda utan um áunnin réttindi sjóðfélaga (eftirlaunalífeyrir, makalífeyrir og barnalífeyrir) og rétthafa í séreign.

Eigi sjóðfélagi rétt til örorkulífeyris samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins hefur sjóðurinn sömuleiðis heimild á grundvelli laga til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við umsókn um örorkulífeyri. Dæmi um persónuupplýsingar sem óskað er eftir eru: tekjuupplýsingar frá skattyfirvöldum, almannatryggingum, Atvinnuleysistryggingasjóði og sjúkrasjóði, upplýsingar um iðgjaldagreiðslur umsækjanda til annarra lífeyrissjóða, læknisvottorð, mat trúnaðarlæknis og upplýsingar frá VIRK eða eftir atvikum öðrum endurhæfingaraðila um framgang endurhæfingar.

Lánastarfsemi:

Birta ávaxtar fjármuni sjóðfélaga sinna m.a. með lánveitingum til sjóðfélaga (sjóðfélagalánnum) á grundvelli heimildar í lögum um lífeyrissjóði. Um slíkar lánveitingar gilda lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016 og reglugerð með stoð í lögunum. Þau gögn sem unnið er með í tengslum við lánsúmsókn hafa að geyma persónuupplýsingar af ýmsu tagi sem snerta fjárhag umsækjanda. Slíkra upplýsinga er jafnan aflað á grundvelli samþykkis viðkomandi eða lagaskyldu.

Verðbréf:

Þegar lánsúmsókn hefur verið afgreidd og veðskuldabréf hefur verið gefið út geta innheimtuaðgerðir og önnur umsýsla kallað á vinnslu persónuupplýsinga. Með annarri umsýslu er átt við greiningar sem sjóðnum ber að standa að á grundvelli laga og reglugerða, s.s. við mat á áhættu eða könnun á því hvort sjóðurinn er innan vikmarka fjárfestingarstefnu í fasteignaveðtryggðum skuldabréfum, eða með öðrum skýrsluskilum, s.s. til opinberra eftirlitsaðila. Slík vinnsla byggir á heimild í veðskuldabréfinu sjálfu, almennum reglum kröfuréttar, fasteignalánalögum, lögum um lífeyrissjóði og reglugerðum settum með stoð í lögunum. Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða en öll vinnsla sjóðsins með persónuupplýsingar er þeim fyrirvara háð að upplýsingarnar séu fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi.

Daglegur rekstur:

Í daglegum rekstri lífeyrissjóðsins er að ýmsu að huga þegar kemur að vinnslu persónuupplýsinga. Almennu starfsmannahaldi fylgir t.a.m. vinnsla persónuupplýsinga sem byggir á lögum um lífeyrissjóði, kjarasamningum og ráðningarsamningum. Samskipti við utanaðkomandi aðila kann enn fremur að kalla á vinnslu persónuupplýsinga. Öll vinnsla sjóðsins með persónuupplýsingar er þeim fyrirvara háð að upplýsingarnar séu fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi.

Hversu lengi geymir Birta persónuupplýsingar?

Birta lífeyrissjóður geymir ekki meiri upplýsingar og ekki yfir lengri tíma en nauðsynlegt er til að ná því lögmæta markmiði sem að er stefnt. Í því felst að svo lengi sem tiltekin réttindi eða skyldur verða leidd af persónuupplýsingunum, samkvæmt lögum eða samningi, eru upplýsingarnar varðveittar hjá sjóðnum. Að þeim tíma liðnum er upplýsingunum eytt eða þær gerðar ópersónugreinanlegar ef ómögulegt er að eyða upplýsingunum s.s. vegna tæknilegra annmarka eða af öðrum orsökum.

Sem dæmi um geymslutíma persónuupplýsinga má nefna að persónuupplýsingarnar tengdar lífeyrisréttindum eru geymdar svo lengi sem sjóðfélagi eða erfingjar hans eiga virk réttindi hjá sjóðnum eða geta haft uppi slíka kröfu að teknu tilliti til ákvæða fyrningarlaga.

Persónuupplýsingar vegna lánveitinga eru geymdar út líftíma lánsins að teknu tilliti til ákvæða fyrningarlaga.

Upplýsingar tengdar starfsmannahaldi eru geymdar út ráðningartíma starfsfólks að teknu tilliti til ákvæða fyrningarlaga.

Starfsumsóknir eru geymdar í sex mánuði eftir að þær berast eða ráðið hefur verið í auglýst starf.

Nánari upplýsingar um geymslu- og varðveislutíma gagna sjóðsins má nálgast hjá persónuverndarfulltrúa eða staðgengli hans.

Samþykki

Vinnsla persónuupplýsinga hjá Birtu byggir á lögmætum grunni, þ.e. ýmist lögbundinni heimild eða á grundvelli upplýsts samþykkis. Sem dæmi um hið fyrrnefnda eru iðgjaldaupplýsingar (nafn, kennitala, heimilisfang, vinnuveitandi, fjárhæð iðgjalds og móttframlags og eftir atvikum stéttarfélagsaðild, o.s.frv.) sem sjóðurinn vinnur og varðveitir á grundvelli laga um lífeyrissjóði og á grundvelli kjarasamnings. Dæmi um hið síðarnefnda er umsókn um lífeyri eða lánsúmsókn. Forsenda þess að sjóðurinn geti afgreitt umsókn um lífeyri eða lán er að sjóðnum berist þau gögn sem óskað er eftir á grundvelli upplýsts samþykkis.

Í þeim tilvikum þar sem vinnsla persónuupplýsinga byggir á sjálfvirkri gagnavinnslu er slíkt ávallt gert á grundvelli upplýsts samþykkis eða heimildar í lögum.

Í þeim tilvikum þar sem vinnsla persónuupplýsinga grundvallast á samþykki hefur sá sem samþykkið veitti, heimild til að afturkalla samþykki sitt að gættum lögum og reglum sem gilda um starfsemi sjóðsins. Dæmi um slíkt væri afturköllun eða höfnun umsóknar um lán eða lífeyri. Við slíkar aðstæður ber sjóðnum að eyða persónuupplýsingum í vörslu sinni sem fylgdu umsókninni, að gættum lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Birta lífeyrissjóður skráir hvorki, né vinnur persónuupplýsingar um börn nema í þeim tilvikum þar sem slíkt er nauðsynlegt til að greiða réttan makalífeyri og barnalífeyri. Sjóðurinn aflar upplýsinga um börn 16-18 ára (sjóðfélaga) á grundvelli samnings eða lagaskyldu.

Þegar notendur heimsækja vefsvæði Birtu, þ.m.t. heimasíðu, sjóðfélagavef og launagreiðendavef, kann Birta að safna tæknilegum upplýsingum um notkun þeirra. Þessar upplýsingar eru kallaðar vafrakökur (e. cookies). Tilgangurinn með notkun þeirra er að aðlagva vefsvæði að þörfum notenda og bæta upplifun þeirra. Ekki er krafist samþykkis fyrir notkun á nauðsynlegum vafrakökum en samþykki þarf fyrir notkun á öðrum tegundum. Með því að haka við „leyfa vafrakök“ samþykkir þú notkun þeirra eða hefur möguleika á því að hafna þeim. Birta lífeyrissjóður áskilur sér rétt til að senda þessar upplýsingar til þriðja aðila þegar lög krefjast þess.

Miðlun persónuupplýsinga

Birtu lífeyrissjóði er heimilt að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila (vinnsluaðila) þegar um er að ræða þjónustuveitanda, umboðsmann eða verktaka sem er ráðinn af hálfu sjóðsins til að vinna fyrir fram skilgreinda vinnu. Slík starfsemi grundvallast ávallt á vinnslusamningi þar sem réttindi og skyldur vinnsluaðila eru skilgreindar. Birta lífeyrissjóður deilir einnig persónuupplýsingum með þriðja aðila þegar slíkt er nauðsynlegt, s.s. á grundvelli samnings eða lagaskyldu.

Persónuupplýsingum kann að vera miðlað til annarra lífeyrissjóða þegar það á við á grundvelli samþykkis sjóðfélaga til hagræðingar á málsmeðferð viðkomandi, s.s. þegar sjóðfélagi á lífeyrisréttindi í fleiri en einum sjóði og sækir um greiðslu eða skiptingu réttinda.

Birta lífeyrissjóður selur ekki né veitir þriðja aðila aðgang að persónuupplýsingum gegn gjaldi.

Birta lífeyrissjóður miðlar ekki eða varðveitir persónuupplýsingar fyrir utan EES-svæðið eða ríkja sem ekki teljast örugg skv. persónuverndaryfirvöldum (Persónuvernd).

Hvaða rétt á ég sem einstaklingur um mínar persónuupplýsingar?

Skráður einstaklingur, þ.e. sá sem persónuupplýsingarnar varðar getur óskað eftir aðgangi að persónuupplýsingum, óskað eftir að þær verði leiðréttar, þeim eytt eða vinnsla þeirra takmörkuð eða andmælt vinnslu þeirra eða óskað eftir flutningi gagnanna. Svo fremi sem lög sem gilda um skráningu og vinnslu persónuupplýsinga, lög og reglur um starfsemi lífeyrissjóðsins eða tæknilegir annmarkar standa því ekki í vegi, tekur sjóðurinn slíkar beiðnir til greina.

Nánari upplýsingar um vinnslu og varðveislu persónuupplýsinga og réttindi og skyldur sem af því leiða, veitir skrifstofa Birtu lífeyrissjóðs, persónuverndarfulltrúi (lögfræðingur) eða staðgengill hans (gæða- og skjalastjóri). Slíkum fyrirspurnum eða eftir atvikum kvörtunum skal beint á netfangið: birta@birta.is.

Jafnframt er hægt að beina kvörtunum eða fyrirspurnum til Persónuverndar sem hefur eftirlit með framfylgd laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.